

## Svar

### sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um kjötbirgðir.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu miklar birgðir sauðfjárafurða voru til í landinu annars vegar 1. september 2017 og hins vegar 1. september 2018? Óskað er eftir að í svarinu komi fram:*

- a. heildarbirgðir sauðfjárafurða,*
- b. heildarbirgðir sauðfjárafurða eftir sláturleyfishöfum,*
- c. heildarbirgðir eftir afurðategundum, þ.e.:*
  - 1. lambakjöt í heilum skrokkum,*
  - 2. kjöt af fullorðnu í heilum skrokkum,*
  - 3. lambalæri og frampartar,*
  - 4. innmatur og svið.*

Ráðuneytið aflaði meðfylgjandi upplýsinga um birgðastöðu sauðfjárafurða frá Matvæla-  
stofnun. Um er að ræða upplýsingar frá lokum ágústmánaðar árið 2017 og árið 2018.

<b>Birgðastaða</b>	<b>Lok ágúst 2017 (kg)</b>	<b>Lok ágúst 2018 (kg)</b>
Dilkar	1.123.822	704.159
Ær	62.598	49.839
Veturgamalt	1.298	213
Hrútar	696	3.650
Úrkast	0	0
<b>Samtals</b>	<b>1.188.414</b>	<b>757.861</b>

Í fyrirspurninni er þess óskað að í svarinu komi fram heildarbirgðir sauðfjárafurða eftir sláturleyfishöfum. Talið er að þær upplýsingar varði viðskiptahagsmuni viðkomandi fyrirtækja og því ekki unnt að birta þær í svari við fyrirspurn með vísan til 1. og 2. mgr. 50. gr. og 90. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, þar sem upplýsingarnar yrðu birtar á opinberum vettvangi. Hægt er að afhenda upplýsingarnar á öðrum vettvangi, svo sem á lokuðum nefndarfundi.

Matvælastofnun hefur einungis upplýsingar um birgðastöðu í heilum skrokkum. Upplýsingar um heildarbirgðir eftir afurðategundum líkt og óskað er eftir í c-lið eru því ekki aðgengilegar.